

**Nd.**

**89. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr. laga nr. 10, 27. júní 1921, skal orða þannig:

Heimilt er ríkisstjórninni að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn, þegar fje er til þess veitt í fjárlögum. Konungur skipar sendiherra. Ef fje er veitt til sendisveitarritara, skipar ráðherra hann.